

Tilkoma alaskaaspar og þróun á Íslandi

Halldór Sverrisson

Fyrstu eintök og söfnunarferðir

Laust fyrir miðja síðustu öld höfðu augu manna opnast fyrir því að á Íslandi gætu vaxið ýmsar trjátegundir sem ekki höfðu vaxið hér eftir lok síðasta ísaldarskeiðs. Nokkrar evrópskar tegundir höfðu verið reyndar auk sitkagrenis en Norður-Ameríka var annars ókönnuð. En þar voru tegundir sem vaxa á svæðum með loftslag sem svipaði til þess sem hér ríkti. Alaska var álitlegast þessara svæða.

Fyrstu eintök af aspartegundinni *Populus balsamifera* ssp. *trichocarpa* (áður *P. trichocarpa*) bárust til Íslands veturinn 1943-1944. Ungur skógræðinemi, Vigfús Jakobsson, sendi Skógrækt ríkisins nokkra græðlinga sem hann safnaði haustið 1943 við Kenai Lake á Kenai-skaga í Alaska. Reynslan af þessum fyrstu öspum var svo góð að fleiri lögðu land undir fót til þess að safna ýmiss konar efniviði í Alaska og grennd.

Vigfús safnaði aftur 1947, Einar E. Sæmundsen 1950, Jón H. Björnsson 1951 og Óli Valur Hansson 1952. Í öllum þessum söfnunum var safnað á Kenai-skaga og eru klónarnir einu nafni nefndir Kenai-klónar.

Þáttaskil verða 1963 eftir mikið vorhret sem drap eða stórskemmdi öspina, einkum á sunnanverðu landinu. Haukur Ragnarsson fór þá til Alaska um haustið og safnaði ösp á suðurströnd Alaska. Líklegt þótti að sú ösp þyldi betur vorhret en Kenai-öspin. Svo hefur líka reynst.

Síðar hafa þrjár ferðir verið farnar. Óli Valur fór ásamt fleirum haustið 1985 og safnaði á meðal annars í Vestur-Alaska, en það hafði ekki verið gert áður. Ólafur Njálsson og Pétur N. Ólason söfnuðu meðal annars á Kodiak-eyju 1994 og Jón Hákon Bjarnason á suðurströndinni 2017.

Klónatilraunir og lönviðarverkefnið

Rannsóknastöð Skógræktar ríkisins á Mógilsá réðst í að leggja út klónatilraunir á 30 stöðum á landinu. Fjármagn til þess að hrinda þessu í framkvæmd fékkst af fjárlögum ríkisins á árunum 1990-96 af sérstökum lið sem nefndur var „lönviðarverkefnið“. Gróðursett var til þessara tilrauna á árunum 1992 og 1993. Valdir voru alls 46 klónar í tilraunirnar og eru allt að 40 klónar á hverjum af tilraunastöðunum. Vel heppnaðar tilraunir eru á 11 stöðum og hafa verið mældar nokkrum sinnum. Á árunum 2005 og 2006 og var gerð heildarúttekt á asparklónatilraununum. Allar tiltækar mælinganiðurstöður eru í Riti Mógilsár 2011, Klónatilraunir á ösp.

Saga íslenskra kynbóta á alaskaösp

Alaskaösp var farin að blómgast á Akureyri sumarið 1979 og var þá safnað fræi og sáð á Mógilsá. Stýrðar víxlanir voru fyrst gerðar á Mógilsá árið 1988. Næst voru stýrðar víxlanir framkvæmdar á Mógilsá vorið 1995. Víxlað var þá saman klónum frá Cordova-svæðinu og Yakutat. Afkvæmum var plantað í tilraun í Þrándarholti í Gnúpverjahreppi og í Neðri-Dal í Mýrdal. Hugmyndin var að fá fram vaxtarmikla klóna fyrir sunnlenska veðráttu.

Tilkoma asparryðs og verkefnið Betri tré

Í hálfra öld voru nánast engir skaðvaldar að angra öspina. Rétt fyrir aldamótin barst til landsins nýr sjúkdómur, asparryð. Vorið 2002 var því ákveðið að hefja kynbótaverkefni sem hefði það meginmarkmið að fá fram klóna með ryðmótstöðu. Þar að auki skyldu þeir hafa til að bera góða aðlögun að veðurfari ólíkra landshluta og vera hraðvaxta. Ákveðið var að nota sem foreldra ýmsa klóna sem Skógrækt ríkisins hafði góða reynslu af og valdir höfðu verið í lönviðartilraunirnar 1992 – 1995. Aðrir foreldrar skyldu vera tré sem vaxið höfðu vel í gördum og víðar. Miðað var við að annað foreldrið hefði sæmilega einkunn fyrir ryðþol þar sem það var þekkt. Leitast var við að víxla sem mest saman suðlægum klónum og Kenai-klónum, með það fyrir augum að fá fram sem mestan breytileika hjá afkvæmunum. Víxlanir voru gerðar með mismunandi foreldrum árin 2002, 2004 og 2006. Afkvæmatilraunir eru víðsvegar á landinu.

Klónasafnið í Hrosshaga og val klóna í frekari tilraunir

Á árunum 2009 til 2012 var völdum klónum úr afkvæmatilraununum plantað í klónasafn í Hrosshaga í Biskupstungum, alls 322 klónum. Fjögur tré eru af hverjum klóni. Í safnið var einnig plantað eldri klónum til samanburðar. Klónar úr safninu voru valdir í klónatilraun í Hrosshaga vorið 2014.

Vorið 2020 voru 25 ryðþolnir klónar ásamt 4 viðmiðunarklónum valdir í klónasafninu til prófunar á 8 stöðum á Íslandi, 2 á Grænlandi og 2 í Færeyjum. Gróðursetning fór fram á Íslandi vorið 2020. Reitir voru mældir 2023 og lifun og vöxtur var með besta móti. Rannsóknir fara einnig fram á rætingareiginleikum og frostþoli klónanna.



lönviðarverkefnið - tilraunastaðir



Afkvæmatilraunirnar



Völdum klónum var öllum safnað í eitt safn í uppsveitum Árnessýslu á árunum 2008 - 2012



Klónasafnið í Hrosshaga

Mynd: Hlynur Gauti 2017